



Fundargerð

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 15. desember 2014.
Fundur hefst kl. 14:00 í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.
Þetta er 378. fundur sveitarstjórnar, 13. fundur ársins 2014.
Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 5 blaðsíður.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra.
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri greindi frá sameiginlegum starfsmannafundi allra stofnana Skaftárhrepps sem haldinn var 24. nóvember og var gestur fundarins Edda Björgvinsdóttir. Einnig greindi sveitarstjóri frá opnum fundi menntastefnufndar sem haldinn var í matsal Kirkjubæjarskóla 26. nóvember. Fundurinn var ágætlega sóttur og mun nefndin vinna áfram með þær hugmyndir sem þar komu fram. Íbúafundundur var haldinn 8. desember þar sem Guðmundur Daníelsson mætti og fór yfir kostnaðargreiningu sem hann hefur unnið fyrir Skaftárhrepp, um lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Beiðni um fjárstuðning við Snorraverkefnið 2015, dagsett 17. nóvember, frá Snorrasjóði.
Óskað er eftir framlagi til að veita ungu fólki af íslenskum ættum í Norður-Ameríku tækifæri til að kynnst rötum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarvinnu.
Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.
2. Erindi frá Námsmatsstofnun ódagsett, þar sem auglýst er eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á að fram fari ytra mat á starfi leikskóla í sveitarfélaginu.
Sveitarstjóra falið að sækja um ytra mat vegna leikskóla Skaftárhrepps í samvinnu við fræðslunefnd og leikskólastjóra.
3. Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu 2015.
Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að kostnaður við Félagsþjónustudeildina verði 45.329 þús.kr., kostnaður vegna málaflokks fatlaðra verði kr. 9.810 þús. og vegna skólaþjónustudeildar kr. 44.234 þús.
Framlag Skaftárhrepps 2015 til Félags- og skólaþjónustu verði því samtals 8.826.000 kr.
Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.
4. Félagsheimilið Tungusel – framtíðarrekstrarform.
Fundur var haldinn í hússtjórn Tungusels þar sem saman komu fulltrúar Skaftárhrepps, kvenfélags Skaftártungu, Búnaðarfélags Skaftártungu og ungmennafélagsins Skafta.
Hússtjórn leggur til að auglýst verði eftir umsjónarmanni hússins og fjárreiður Tungusels verði færðar innan sveitarsjóðs Skaftárhrepps. Hætt verði að nota virðisaukanúmer og kennitölu félagsheimilisins.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu hússtjórnar.



5. Fjárhagsáætlun 2015 – 2018 síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2015 gerir ráð fyrir 6.741 þús kr. rekstrartapi aðalsjóðs, 24.321 þús.kr. rekstrarafgangi eignarsjóðs. Niðurstaða A-hluta hefur 17.581 þús.kr. rekstrarafgang. Fyrir samantekin reikningskil A- og B-hluta gerir ráð fyrir að skatttekjur verði 225,9 m.kr., framlög jöfnunarsjóðs 91,3 m.kr. og aðrar tekjur 65 m.kr.. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 155,8 m.kr., önnur rekstrargjöld 169,2 m.kr. og afskriftir 13,7 m.kr. Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð jákvæð 45,9 m.kr., rekstrarniðurstaða í heild er jákvæð um 31,4m.kr. Eignir eru samtals áætlaðar 609,9 m.kr., skuldir og skuldbindingar 280,1 m.kr. og eigið fé því 329,8 m.kr. handbært fé í árslok er áætlað 98,4 m.kr.

Reiknað er með óbreyttum árlegum skatttekjum og óbreyttum rekstri málaflokka.

Gert er ráð fyrir viðhaldsverkefnum á Klausturhólum, í Kirkjubæjarskóla, á gámvelli og gert er ráð fyrir undirbúningi gatnagerðar á árinu 2015.

Áætlunin 2016 – 2018 gerir ráð fyrir 3% verðbótum á verðtryggðar langtímakröfur og langtímaskuldir.

Áætlunin 2016 gerir ráð fyrir jákvæðri heildarrekstrarniðurstöðu kr. 39.966 þús.

Áætlunin 2017 gerir ráð fyrir jákvæðri heildarrekstrarniðurstöðu kr. 41.478 þús.

Áætlunin 2018 gerir ráð fyrir jákvæðri heildarrekstrarniðurstöðu kr. 43.087 þús.

Fjárhagsáætlun 2015 – 2018 samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun Klausturhóla 2015 – síðari umræða.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins verði 162,4 milljónir króna, þar af eru 152,4 m.kr. vegna daggjalda og 10 m.kr. aðrar tekjur. Laun og launatengd gjöld verði 109,4 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 48 m.kr.

Reiknað er með 2 m.kr. í viðhaldsverkefni.

Rekstrarniðurstaða ársins verði 2.832.000 kr.

Fjárhagsáætlun Klausturhóla samþykkt.

7. Stefna, lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014.

Eva Björk Harðardóttir lýsir vanhæfi vegna fjölskyldutengsla og vikur af fundi og felur varaoddvita stjórn fundarins.

Veidifélag Grenlækjar og Geilar ehf höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu og Skaftárhreppi til viðurkenningar bótaskyldu vegna aðgerða sem heft hafa náttúrulegt rennsli vatns fram Eldhraun í Landbroti og hafa leitt til vatnspurrðar og veiditjóns á vatnasviði Grenlækjar í Landbroti.

Við stefnufestingu þann 11. desember óskaði stefnandi eftir fresti á þingfestingu til 8. janúar 2015.

Sveitarstjórn hefur mótttekið stefnuna. Verði hún þingfest mun sveitarfélagið fela lögfræðingi að taka til varna fyrir þess hönd.

Eva Björk kemur inn aftur og tekur við stjórn fundarins.

8. Beiðni um fjárstyrk vegna væntanlegs deiliskipulags, dagsett 27. nóvember 2014, frá Hestamannafélaginu Kópi.

Sveitarstjórn hefur tekið tillit til beiðninnar við gerð fjárhagsáætlunar 2015.

9. Svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsett 1. desember 2014, vegna bókunar sveitarstjórnar á fundi 12.nóvember 2014 og ítrekuð ósk um samþykki sveitarstjórnar fyrir landskiptum Syðri- Steinsmýrar.

Sveitarstjórn ítrekar bókun sína frá síðasta fundi þar sem segir m.a.:

„Sveitarstjórn [] bendir jafnframt á að samkvæmt Aðalskipulagi Skaftárhrepps er gert ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina. Vill sveitarstjórn einnig minna á bréf frá Skaftárhreppi til Fjármála- og



Skaftárhreppur

efnahagsráðuneytis, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dagsett 3. mars 2014 þar sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur ríkisvaldið eindregið til þess, að þeim ríkisjörðum sem kunna að losna, verði ráðstafað til áframhaldandi heilsársbúsetu, með það að markmiði að styrkja og efla þá byggð sem fyrir er. Sveitarstjórn telur að með því að skipta jörðinni Syðri – Steinsmýri á þann hátt sem hér er sótt um geti það rýrt möguleika ábúenda til atvinnusköpunar á jörðinni og sé ekki til þess fallið að styrkja og efla þá byggð sem fyrir er.“

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á beiðni um samþykki landskipta og óskar eftir viðræðum við viðkomandi ráðuneyti varðandi stefnu ríkisvaldsins vegna ríkisjarða í Skaftárhreppi.

10. Verkefnastjóri Skaftárhreppur til framtíðar, samstarfsverkefni Byggðastofnunar, SASS og Skaftárhrepps, drög að starfslýsingu.
Byggðastofnun hefur samþykkt að leggja fram fjármagn til ráðninngar verkefnastjóra í Skaftárhreppi í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir, Skaftárhreppur til framtíðar. Stefnt er að því að ráða starfsmann í 100% stöðu til 3ja ára við að fylgja eftir verkefnum sem komu fram á íbúáþingi í október 2013. Aðsetur og starfsstöð starfsmannsins verði á Kirkjubæjarklaustri.
Sveitarstjórn fagnar þessu framtaki og væntir mikils af vinnu starfsmannsins. Sveitarstjórn felur fulltrúum sínum í verkefnastjórn að fylgja þessu eftir.
11. Samþykkt um hunda- og kattahald orðalagsbreyting á 2. grein e – lið.
Skv. lögum nr. 55/2013 Lög um velferð dýra er skylt að einstaklingsmerkja hunda og ketti.
2. grein hljóði svo:
Eigandi eða umráðamaður hunds skal auðkenna hann varanlega með húðflúri eða örmerki. Hundur í þéttbýli skal ávallt bera ól um hálsinn.
Orðalagsbreyting samþykkt.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 3. fundur atvinnumálanefndar 25.nóvember 2014.
 - 1) *Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.*
Sveitarstjóra falið að skoða stöðu leigusamniga vegna fjallaskála.
 - 4 a) *Sveitarstjórn tekur undir ályktun atvinnumálanefndar þar sem nefndin lýsir óánægju með niðurskurð á starfi á vegum Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML) á Kirkjubæjarklaustri úr 75% starfi í 50% starf.*
Sveitarstjóra falið að koma ályktuninni til RML:

Fundargerðin í heild samþykkt.

2. 60. fundur Íþróttá- og tómsfundanefndar 26. nóvember 2014.
 - 1) *Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.*
 - 2 b) *Gjaldskrárbreytingar í Íþróttamiðstöð.*
Gjaldskrárbreyting samþykkt.

Fundargerðin í heild samþykkt.



3. 101. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla 18. nóvember 2014.
Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.
Fundargerðin í heild samþykkt.
4. 107. fundur skipulags- og bygginganefndar 9. desember 2014.
 1. Orustustaðir – aðalskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn samþykkir breytingatillögu vegna aðalskipulagsbreytingar og felur fulltrúa skipulags- og byggingamála að senda hana til yfirferðar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda samkv. 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
 2. Orustustaðir – deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og verði send til umsagnar viðeigandi aðila.

Fundargerðin í heild samþykkt.
5. 135. fundur fræðslunefndar 20. nóvember 2014.
Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.
Fundargerðin í heild samþykkt.
6. 55.fundur menningamálanefndar 14. nóvember 2014.
Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.
Fundargerðin í heild samþykkt.
7. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar 1. desember 2014.
Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.
Fundargerðin í heild samþykkt.
8. Fundargerð fjallskiladeildar Álftaversafréttar 12. október 2014.
Fundargerðin í heild samþykkt.
9. Fundargerð fjallskiladeildar Álftaversafréttar 7. desember 2014.
Hvað varðar beiðni nefndarinnar vegna sérstakra fjárveitinga var tekið tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar 2015.
Fundargerðin í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 160. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 14. nóvember 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
2. 484. fundur stjórnar SASS 23. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
3. 486. fundur stjórnar SASS 20. október 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
4. 487. fundur stjórnar SASS 14. nóvember 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
5. Aðalfundargerð SASS 21. og 22. október 2014. - *Fundargerðin kynnt.*



6. 20. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu 17. nóvember 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
7. 822. fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 21. nóvember 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
8. 12. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu 3. des. 2014. - *Fundargerðin kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. Álit Orkustofnunar vegna vatnaveitinga úr Skaftá út á Eldhraun, dags. 20. nóvember 2014.
2. Samstarfssamningur um Frumkvöðlasetur SASS og NMÍ – FRUSS, dags. 6. okt.2014.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:35.
Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 15. janúar 2015 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Guðmundur Ingi Ingason.

Jóhannes Gissurarson.

Bjarki V. Guðnason.